



Reykjavík 27. október 2020

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
Reykjavík

**Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um skotelda
Mál nr. 218/2020**

Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Inngangur

Í fyrirbyggjandi drögum að reglugerð um breytingu á reglugerð um skotelda er áætlað að þrengja tímamörk um almenna notkun skotelda og fækka söludögum. Í umfjöllun um málið á samráðsgátt er vísað til tillagna starfshóps dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra um hvernig draga megi úr neikvæðum áhrifum á lýðheilsu og loftgæði vegna mengunar af völdum skotelda.

Fulltrúar Slysavarnafélagsins Landsbjargar áttu fundi með samráðshópnum í aðdraganda þeirra tillagna sem hópurinn skilaði til ráðuneytanna. Í þeim samtölum lögðu fulltrúar félagsins mikla áherslu á að breytingar á innflutningi og sölu skotelda/flugelda yrðu ekki gerðar nema samhliða færi fram vinna sem lyti að því að tryggja fjármögnun verkefna björgunarsveitanna. Í tillögum starfshóps ráðuneytanna, sem þessi fyrirhugaða reglugerðarbreyting byggir á, má og finna umfjöllun og tillögu (4.1.7. Tillaga 7. Fjármögnun björgunarsveita) um stofnun starfshóps til að koma með tillögum um fjármögnun björgunarsveita. Starfshópurinn lagði til að búið yrði að skipa starfshópinn fyrir 15. febrúar 2020. Slysavarnafélaginu Landsbjörg hafa ekki borist neinar upplýsingar um slíka fyrirætlan né hafa fulltrúar félagsins verið boðaðir til slíkra viðræðna. Það er miður.

Af þessu má ráða að ekki standi til að skoða fjármögnun verkefna björgunarsveitanna samhliða breytingum á regluverki varðandi innflutning og sölu skotelda/flugelda. Það er verulega miður. Tekjur af flugeldasölu renna beint til þeirra verkefna sem björgunarsveitirnar sinna og eru því stór liður í fjármögnun almannavarnakerfisins. Þar er framlag sjálfboðaliða Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem hafa ansi stóru hlutverki að gegna, ekki kostnaðarmetið til viðbótar.

Í því sérstaka ástandi sem nú ríkir af völdum heimsfaraldurs Covid-19 er ljóst að stytting sölutíma um komandi áramót mun hafa það í för með sér að nær ómögulegt verður að sinna sölu flugelda á þessum stutta tíma samhliða því að ætla að uppfylla öll skilyrði um sóttvarnir og fjöldatakmörkanir á sölustöðum. Stærstur hluti flugeldasölu björgunarsveitanna fer fram dagana 30. og 31. desember ár og er ásókn mikil á sölustöðum. Ætla má að örtröð verði enn meiri ef sala verður óheimil dagana á undan. Upphafleg áform um fækkun söludaga nú er því mjög óheppilegar að teknu tilliti til ástandsins, smithættu og sóttvarna og mætti færa haldbær rök fyrir því að nær væri að fjölga söludögum þessi áramótin í ljósi ástandsins.


Slysavarnafélagið Landsbjörg vinnur að áætlun um ráðstafanir til að dreifa sölu og minnka álag á einstökum sölustöðum sínum. Er þar m.a. horft til innleiðingar vefverslunar og sérstakra auglýsinga til almennings með leiðbeiningum um heimsóknir á sölustaði. Jafnframt verður mikil áhersla lögð á að hægt sé að standa þannig að sóttvörnum í afgreiðslu og afhendingu vörunnar að fyllsta öryggis sé gætt.

Neikvæð afstaða Slysavarnafélagsins Landsbjargar til ætlaðra breytinga og fækkunar söludaga lýtur aðallega að tveimur þáttum, að frátaldri hættu á tekjumissi, þ.e. annars vegar að því sem fram kemur hér að ofan varðandi samtal um fjármögnun verkefna björgunarsveitanna og almannavarna. Hins vegar snýr neikvæð umsögn að því ástandi sem nú er uppi er vegna Covid-19 og þeim aðstæðum sem ætla má að skapist að fyrirætluðum breytingum gerðum um komandi áramót.

Umsögn og tillögur Slysavarnafélagsins Landsbjargar

- Slysavarnafélagið Landsbjörg leggst gegn fyrirhuguðum breytingum á sölutíma skotelda (fækkun söludaga) á grundvelli þess að ekki hefur átt sér stað samtal um fjármögnun verkefna björgunarsveitanna sbr. tillögur starfshóps þar um. Félagið skorar jafnframt á stjórnvöld að ekki verði gerðar íþyngjandi breytingar á regluumhverfi um innflutning og sölu skotelda fyrr en áður nefndur starfshópur hefur verið skipaður og hann skilað tillögum sínum um hvernig fjármagna megi verkefni björgunarsveitanna.
- Slysavarnafélagið Landsbjörg leggur sérstaklega til að áform um fækkun söludaga nú um áramótin 2020/2021 verði afturkölluð í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna Covid-19 svo hægt sé að dreifa ásókn á sölustaði yfir lengri tíma. Jafnframt að hugað verði sérstaklega að afstöðu sóttvarnaryfirvalda til sölunnar m.t.t. smithættu og sóttvarna.

Virðingarfyllt
Slysavarnafélagið Landsbjörg


Jón Svanberg Hjartarson
framkvæmdastjóri